

Föstudaginn 29. desember 1995.

Nr. 430/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sævari Arnfjörð Hreiðarssyni

(Þórdís Bjarnadóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arn-
ljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánað-
ar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð
opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður
verði felldur úr gildi, en til vara, að honum verði gert að sæta vistun
á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðila hefur hann á árunum 1973 til
1993 gengist undir sjö dómsáttir og hlotið 28 refsidóma, þar af 24
fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Með dómi
Héraðsdóms Reykjaness 22. desember 1995 var varnaraðila dæmd
18 mánaða óskilorðsbundin fangelsisrefsing vegna fjölmargra brota
gegn almennum hegningarlögum á tímabilinu 9. júní til 15. nóvem-
ber 1995. Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103.
gr. laga nr. 19/1991.

Varakrafa varnaraðila er ekki studd viðhlítandi gögnum og kem-
ur því ekki til álita. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Sævar Arnfjörð Hreiðarsson, sæti gæsluvarð-
haldi allt til föstudagsins 19. janúar 1996 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 22. desember 1995.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Sævari Arnfjörð Hreiðarssyni, kt. 230954-5939, gæsluvarðhaldsfanga, verði gert að sæta framhaldi gæsluvarðhalds í fjórar vikur.

Málavextir eru þeir, að Sævar Arnfjörð var dæmdur í 18 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í dag. Var dómur birtur honum fyrr í dag, og tók hann sér frest til að ákveða, hvort hann yndi dómi, sbr. 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1994. Dómpoli hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 16. nóvember sl. vegna þeirra brota, sem hann var dæmdur fyrir í dag.

Ríkissaksóknari rökstyður kröfu sína þannig, að dómpoli sé síbrotamaður og nauðsynlegt sé að halda honum í gæslu, uns hann hefur aflþánun dómsins, sem gekk í dag. Dómpoli hefur mótmælt kröfunni.

Dómpoli, Sævar Arnfjörð, er 41 árs gamall. Frá því að hann var tvítugur, hefur hann undirgengist 5 sáttir og hlotið 28 refsidóma, oftast fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. alm. hgl. Í máli því, sem dæmt var í dag, var ákærði m. a. dæmdur fyrir 10 þjófnaðarbrot, 8 fjársvikabrot svo og skjalafals. Hann er því síbrotamaður, og eru líkur á, að hann haldi áfram brotastarfsemi, ef hann gengur laus. Verður því fallist á kröfu ríkissaksóknara og dómpoli úrskurðaður til framhalds gæsluvarðhalds með skírskotun til 1. mgr. 103. gr., c-lið, laga nr. 19/1991. Verður honum gert að sæta gæsluvarðhaldi til 19. janúar 1996 kl. 16.00.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómpoli, Sævar Arnfjörð Hreiðarsson, sæti gæsluvarðhaldi til 19. janúar 1996 kl. 16.00.